

félagslegu lífi með innlendu fólki. Þau þurfa ekki um tvent að velja, annaðhvort að halda samfélagi við fólk af sínum eigin þjóðflokki, eða hafa ekkert samfélag með öðrum, nema það sem er nauðsynlegt við vinnu og viðskifti. Börnunum standa hér ótal vegir opnir, sem voru foreldrum þeirra lokaðir; þau eru hér í sínu eigin landi, þar sem foreldrararnir, aftur á móti, komu inn í óþekt land.

Það er þetta, sem gerir þjóðernisviðhaldið að svo erfiðu máli. Hvað á að gera til þess að unglingar, sem af íslenzku bergi eru brotnir, finni til skyldleika milli sín og hinnar íslenzku þjóðar? Hvað á að gera til þess að þeir láti, ræktarþel til síns þjóðflokks, sem sé nógu öflugt til þess að þeir kannist fyllilega við ætt sína, og hafi vakandi meðvitund um hvaðan þeir eru, nógu öflug til þess, að þeir vilji fyrst og fremst vera þektir sem Íslendingar?

Ekki tjáir að standa á móti innlendu áhrifunum. Hvorki er það unt, né heldur mundi það verða okkur til nokkurs annars en ílls eins. Við verðum að skoða okkur sjálf sem hérlent fólk, en hreint ekki sem útlendinga. Náttúrlega erum við öll, sem hingað höfum flutt útlendingar, getum ekki hjá því komist og eigum ekki að reyna að komast hjá því. En að þeir sem hér eyða allri æfi sinni,